



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni tillögu: *Jöfnun endurgreiðslu á útlögðum kostnaði starfsfólks allra íbúðakjarna velferðarsviðs óháð fötlun íbúa*

Lagt er til að starfsfólk á sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir fái greiddan útlagðan kostnað, allt að kr. 5.110.- á mánuði vegna stuðnings við þátttöku íbúa á samfélagsviðburðum, til samræmis við vinnulag í stoðþjónustu velferðarsviðs.

Áætlað er að tillagan feli í sér viðbótarkostnað, allt að 15,3 m.kr. á árinu 2023, sem rúmast ekki innan fjárheimilda sviðsins.

Greinargerð:

Við yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 var ekki gert ráð fyrir viðburðakostnaði starfsmanna inni á heimilum fatlaðs fólks með þroskahömlun og skyldar fatlanir. Með tímanum og nýrri hugmyndafræði sem birtist í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og breytingum á lögum og reglugerðum hafa lífsgæði fatlaðs fólks aukist og nú sækir fatlað fólk í auknum mæli samfélagsviðburði, fer út að borða og sækir sér afþreyingu s.s. tónleika, bíó og slíkt.

Gert er ráð fyrir fjármagni til að sinna þessum þætti í íbúðakjörnum fyrir fólk með geðfatlanir, sem opnaðir voru í tengslum við Straumhvörf, átak til eflingar þjónustu við geðfatlaða. Straumhvarfaverkefnið hófst árið 2006 og því lauk árið 2010. Verkefnið fól í sér átak til að efla þjónustu við geðfatlaða með það að markmiði að koma einstaklingum sem dvalið höfðu á stofnunum út í samfélagið, í íbúðakjarna og búsetu með stuðningi. Á miðju tímabilinu, árið 2008 tók Reykjavíkurborg við rekstri íbúðakjarna fyrir geðfatlað fólk í borginni af þáverandi Svæðisskrifstofu Reykjavíkur um málefni fatlaðs fólks. Við heildaryfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga 2011 var ekki gert ráð fyrir fjármagni til að starfsfólk gæti sinnt samfélagsþátttöku með fötluðum íbúum íbúðakjarna og sambýla fyrir fólk með þroskahömlun og skyldar fatlanir.

Í stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk (áður nefnt liðveisla) er gert ráð fyrir að starfsfólk geti fengið endurgreiddan útlagðan kostnað, allt að kr. 5.110 á mánuði, vegna viðburða sem það sækir með notendum þjónustunnar.

Eðlilegt þykir að þeir sem búa á íbúðakjörnum á vegum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmenn sem starfa á nefndum íbúðakjörnum, sitji við sama borð þegar kemur að greiðslu kostnaðar vegna samfélagsviðburða sem þeir sækja. Tillagan gerir ráð fyrir að sama regla gildi um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar á öllum íbúðakjörnum Reykjavíkurborgar, óháð fötlun þeirra sem þar búa.



Reykjavíkurborg

Í kostnaðarmati vegna tillögunnar er gert ráð fyrir að sama regla gildi á öllum íbúðakjörnum þ.e. að starfsmenn fái endurgreiddan útlagðan kostnað allt að kr. 5.110 á mánuði á hvern íbúa. Í dag eru 250 íbúar á íbúðakjörnum fyrir fólk með þroskahömlun þar sem starfsmenn fá ekki endurgreiðslu á útlögðum kostnaði vegna samfélagsviðburða og myndi kostnaður við endurgreiðslu til þeirra nema allt að 15.330.000 kr. á ári.

Dís Sigurgeirsdóttir
Velferðarsvið - miðlæg skrifstofa